



## **499. fundur stjórnar SASS**

**haldinn í Icelandair hótelinu í Vík í Mýrdal  
miðvikudaginn 28. október 2015 kl. 18:00 – 20:00**

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Eggert Valur Guðmundsson, Ágúst Sigurðsson, Elín Einarsdóttir, Sæmundur Helgason, Unnur Þormóðsdóttir og Anna Björg Níelsdóttir. Sandra Dís Hafþórsdóttir boðaði forföll og í hennar stað kom Jóhannes Gissurarson en Páll Marvin Jónsson forfallaðist. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð. Á fundinn kom einnig sveitarstjórn Mýrdalshrepps, þ.e. Ingi Már Björnsson, Eva Dögg Þorsteinsdóttir, Eiríkur Tryggvi Ástþórsson og Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fund stjórnar á Icelandair hótelinu í Vík í Mýrdal.

### **Heimsókn sveitarstjórnar Mýrdalshrepps.**

Elín Einarsdóttir, oddviti Mýrdælinga, tók undir orð formannsins og fagnaði því að nú væri stjórnarfundur SASS haldinn í Vík í Mýrdal. Í framhaldi var Ásgeir Magnússon með fróðlega kynningu á helstu málefnum sveitarfélagsins. Hann og sveitarstjórnarfulltrúarnir svöruðu framkomnum spurningum og lögðu einnig spurningar fyrir stjórn og var þeim svarað á fundinum.

### **Dagskrá:**

- 1. Fundargerð síðasta fundar.**  
Undirrituð.
- 2. Dagskrá ársþing SASS 2015**  
Dagskrá ársþingsins staðfest.
- 3. Skipað í starfsnefndir ársþingsins.**  
Tillaga var gerð um skipan starfsnefnda ársþingsins og jafnframt var verklag nefndanna kynnt.
- 4. Erindi frá Vestmanneyjum - hagkvæmniathugun.**  
Formaður og framkvæmdastjóri kynntu erindi frá Hrafni Sævaldssyni ráðgjafa, sem sinnir ráðgjöf fyrir Vestmannaeyjabæ en bæjarstjórn fól honum að gera hagkvæmniathugun á aðild sveitarfélagsins að SASS. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að funda með fyrirspyrjanda.
- 5. Önnur mál til kynningar og afgreiðslu.**
  - a) Ráðgjafi á Höfn.**  
Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir hefur verið ráðinn sem atvinnuráðgjafi SASS á Höfn. Hún hefur störf 2. nóvember nk.



Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 19. nóvember nk. kl. 14:00.

Fundi slitið kl. 22:10

Gunnar Þorgeirsson  
Eggert Valur Guðmundsson  
Ágúst Sigurðsson  
Unnur Þormóðsdóttir  
Elín Einarsdóttir  
Sæmundur Helgason  
Anna Björg Níelsdóttir  
Jóhannes Gissurarson  
Bjarni Guðmundsson